

12. gr. *Krafa um staðfestingu óháðs aðila.*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Mannvirkjastofnunar eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til brunapols og brunaeiginleika byggingarvöru, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 10. gr.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til þeirra eiginleika og þátta sem falla undir 2. mgr. 10. gr., að undanskildum 1. og 2. tölul., og 4. mgr. 10. gr.

Sá sem óskar staðfestingar samkvæmt þessari grein skal greiða þann kostnað sem af henni hlýst. Gjald fyrir staðfestingu skal ákveðið í gjaldskrá viðkomandi stofnunar. Upphæð gjaldsins skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður.

Við staðfestingu, þ.m.t. ákvörðun um frekari gerðarprófun skv. 2. mgr. 11. gr., skal höfð hliðsjón af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk framleiðanda og tilkynnts aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur, en ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur.